



Sérfræðingur á prófunarstofu

Sýni leitar að jákvæðum, duglegum og metnaðarfullum framtíðarstarfsmanni á prófunarstofu Sýnis í Kópavogi.

Starfslýsing og helstu verkefni

Á prófunarstofu eru stundaðar örveru- og efnagreiningar, aðallega fyrir matvælaiðnað.

Leitað er eftir sérfræðingi á sviði örverurannsókna.

Starfssvið sérfræðings á prófunarstofu er daglegar mælingar, þróun aðferða, skýrslugerð og ýmis sérverkefni.

Prófunarstofa Sýnis starfar skv. ISO-staðli og fær nýr starfsmaður ítarlega þjálfun áður en honum eru falin sjálfstæð verkefni. Hjá okkur starfar samhentur og duglegur hópur sem vinnur saman að verkefnum með það að markmiði að auka og tryggja gæði í íslenskri matvælaframleiðslu.

Starfsmaðurinn þarf að vera vinnusamur, geta unnið undir álagi og vera tilbúinn að takast á við fjölbreytt verkefni.

Vinnutími er alla jafna frá kl. 08-16 og að auki skipta starfsmenn með sér helgarvinnu.

Menntunar- og hæfniskröfur

Háskólapróf í matvælafræði, líffræði eða sambærilegt nám.

Reynsla af störfum á rannsóknarstofu er kostur.

Góð íslensku- og enskukunnátta í faginu er nauðsynleg.

Ferilskrá og fylgibréf sendist á atvinna@syni.is.